


Franskur kafbátur í Reykjavíkurhöfn



Á laugardaginn kom til Reykjavíkur franskur kafbátur, sem heitir Mar-souin og er nýr. Er hann í reynsluför og er óvopnaður. Kafbáturinn var hér í opinberri heimsókn, og hélt á brott í gærkvöldi. Báturinn er 204 fet. Báturinn lá við hafnarbakkann á sunnudaginn og var þar mánmargt að skoða hann. (Ljós: JHM)

Óeirðir í pólskri borg í síðustu viku:

Herlið og lögregla send á vettvang til að kæfa óeirðir

London—6. maí. — Dagblað í Varsjá hefir skýrt svo frá, að herliði og lögreglu hafi verið beitt til að kæfa óeirðir í borg einni í suðaustur Póllandi í síðustu viku.

Samkvæmt frásögn blaðsins var það upphaf óeirðanna, að öryggis-sveitir ríkisins handtöku drukinn hermann og fóru með hann til næstu lögreglustöðvar. Félagar hermannsins og nokkrir fleiri tóku sig þá til og eltu öryggislögregluna til að koma hermanninum til hjálpar. Ekki leið á löngu þar til fjöldi fólks safnaðist saman og gerði harða hrif að lögreglustöðinni.

Herlið var nú kallað á vettvang og var tárassprengjum varpað. Til átaka kom milli hermanna og fólksins, en engin alvarleg meiðsla urðu.

Örlög á Litla-Hrauni, nýu frásagnir eftir Sigurð Heiðdal

Á vegum Iðunnar-útgáfunnar er komin út bók eftir Sigurð Heiðdal, og nefnist hún Örlög á Litla-Hrauni. Eru þetta nýu frásagnir af mönnum, sem gistu hælið, er Sigurður var forstjóri þess á árunum 1930—1940. Mun frásögnin í öllum aðalatriðum vera sönn, en nöfnum er breytt.

Sigurður Heiðdal var forstjóri vinnuhælisins fyrstu árin sem það starfaði, og sögurnar, sem hann segir í þessari bók, eru heyjaðar úr samtölum hans við fangana og persónulegum kynnum við þá. Frásagnirnar bera þessi nöfn: Tveir herra menn; Í leiðslu; Kalinn kvist er allt sem sýnist; Í tveimur vistur; Ég læt ekki beygja mig; Ekki um; Brotin rúða; Útlagi; Hreinsunareldur. Loks eru svo nokkur orð um vinnuhælið á Litla-Hrauni. Bók þessi er allóvenjuleg og óneitanlega töluvert forvitnisleg, þar sem frá segir glöggur maður og vel rittær og fjallar um efni, sem hann gerþekkir, lýsir lífi, sem ekki liggur í augum uppi öllum almenningi. Þetta eru engar glæpa sögur, heldur nærfærnar lýsingar á olnbogabörnum og ólámsmönnum, sem oftast hafa lent fyrir illa tilviljum, út af alfaravegi hinna fyrirskipuðu dyggða, og sumir

þeirra hafa verið harla grátt leiknir af mannfélaginu.



Sigurður Heiðdal

Samsöngur í Ísafjarðarkirkju

Frá fréttaritara Tímans á Ísafirði.

Sunnukórinn hélt samsöng í Ísafjarðarkirkju, laugardaginn 4. maí. Stjórnandi var Jónas Tómasson, tónskáld. Fyrst söng kvennakórinn sex lög, en einsöngungu Herdis Jónsdóttir og Elísabet Samúelsdóttir, þá flutti séra Sigurður Kristjánsson erindi og ræddi um orgelkaup í kirkjunni. Þriðja atriðið var kvartettssöngur þeirra Herdisar, Elísabetar, Sigurðar Jónssonar og Gunnlaugs Jónssonar. Kvartettinn söng fimm lög. Samsöngurinn var haldinn til fjáröflunar fyrir orgelsjóð Ísafjarðarkirkju. Ákveðið er að kaupa nýtt orgel í kirkjunni á þessu ári. Orgelið, sem nú er í kirkjunni er orðið svo úr sér gengið, að ekki er talið borga sig að gera við það. G.S.

Maður bráðkvaddur

Í gærðag varð maður bráðkvaddur inni á Kirkjusandi. Hafði hann verið þar við vinnu sína í sviðningaskúr, en starfsmenn á Kirkjusandi fundu hann þar sem hann hafði hniðið niður á gólfið í skúrnum, og var hann látinn er að var komið. Maðurinn hét Jón Jónsson og bjó hann í skúr í Laugarnesi.

Auglýsið í Tímanum

Mikil hersýning og hátíðahöld í Ísrael í tilefni 9 ára þjóðhátíðar

Hertekinn rússneskur skriðdreki til sýnis á götunum

LONDON, 6. maí. — Nærri hálf milljón manna horfði á hersýningu Ísraels hers í Tel Aviv er efnt var til í tilefni af 9 ára fullveldisafmæli Ísraelsríkis.

Fréttaritari brezka útvarpsins skýrir svo frá, að fagnaðarlæti

manngrúans hafi aldrei ætlað að taka enda er rússneskum skriðdreka, herteknum í herförinni á Sinai-skaganum, var ekið um göt ur borgarinnar. Einnig voru brezk og bandarísk vopn til sýnis er her tekin höfðu verið í Súez-stríðinu við Egypta.

Vorosjilov marskálkur fær heldur óblíðar viðtökur í opinberri heimsókn í Jakarta

Mannfjöldinn hrópaði ókvæðisorð og reif niður myndir af forsetanum

JAKARTA - LONDON, 6. maí. — Vorosjilov forseti Ráðstjórnarríkanna kom til Jakarta í Indónesíu í dag í tveggja daga opinbera heimsókn. Er marskálkurinn kom til flugvallarins var þar fyrir mágur fagnandi manna, sem veifuðu rússneskum og indónesiskum fánum. Ekki voru fagnaðarlætin endur-

tekin er Vorosjilov ók inn í borgina, því að þar var fyrir mikill mannfjöldi, sem vottaði marskálkinn um fyrirlitningu sína með því að hrópa ókvæðisorð til hans og rífa niður myndir af honum. Innan skamms komu lögreglumenn og herdeildir á vettvang og vörpuðu tárassprengjum á mannfjöldann til þess að dreifa honum.

Brezka stjórnin vottar Hussain og þjóð hans virðingu fyrir ötula baráttu

Talsmaður Verkamannaflokksins telur, að heillaóskirnar hafi vafsamnt gildi


LONDON - NTB, 6. maí. — Vara utanríkisráðherra Breta lýsti því yfir í neðri deild brezka þingsins í dag, að brezka stjórnin væri þeirrar skoðunar, að lífsnauðsynlegt væri að tryggja sjálfstæði og algjölt fullveldi Jórdaníu til þess að friður og öryggi gæti ríkt í M-Austurlöndum.

Bretar óskuðu jórdönsku þjóðinni og Hussein konungi góðs gengis og vonuðu, að Bretar og Jórdan í umenn mættu hafa vinsamleg samskipti nú sem áður.

Bevan, talsmaður Verkamannaflokksins í utanríkismálum kvað það vafasamt að óska þeirri stjórn

velgengis, sem þverbrotið hefði allar þær grundvallarhugsjónir lýðræðisins, sem Bretar hefðu til þessa getað hrósað sér af.

Frá Sýningarsalnum nýja



Sýningarsalurinn í Alþýðuhúsinu hefir nú verið opinn rúma viku, og hefir aðsókn verið mjög góð. Almennur virðist kunna vel að meta það að þar má fá ýmsar smekklegar og listrænar tækifærisgjafir, og má nefna t. d. að ýmsir hafa fundið þar ágætir brúðargjafir. Undanfarið hefir staðið yfir í salnum samsýning sjö myndlistarmanna, en þeirri sýningu lýkur annað kvöld og verður salurinn þá opinn til kl. 11.

Stofnað félag viðskiptafræðinga

Hinn 2. maí var haldinn aðalfundur í Félagi Viðskiptafræðinga. Formaður var kosinn Hjálmar Finnsson og aðrir í stjórn: Valdimar Kristinnsson, Sigurður Jörgeirsson, Hrólfur Ásvaldsson, Guðlaugur Þorvaldsson og Sigurður Fjaldsted.

Helen Keller

(Framhald af 1. síðu).
úru, sem hún skynjar með ilman og tilfinning.
Helen Keller hefur sannað með lífi sínu, hvernig leysa má mikla hæfileika úr viðjum, ef við nýtum alúðar og kunnáttu þeirra, sem annast uppeldi öryrkja. Heimsókn hennar ætti að örva menn til að styðja og styrkja stofnanir, sem hér starfa að velferðarmálum þeirra, sem hlotið hafa svo þungt örlög.

Smásagnasafn Indriða

(Framhald af 1. síðu).
undur hefir endursamið þær og breytt nokkuð. Flestar eru þó alveg nýjar af nálinni. Í þeim er fjallað um sundurleitt efni. Flestar þeirra eiga svið sitt í málefnum dagsins, en ein þeirra Gömul saga gerist á fyrri tímum, og er stíll hennar og gerð að nokkru frábrugðin hinum sögunum. Flestar munu sögurnar ritaðar á síðasta ári.

Síðan Sjötíu og níu af stöðinni kom út eru þeir margir, sem beðið hafa eftir næstu bók Indriða með eftirvæntingu, og nú er hún komin.

Frágangur bókarinnar er sérstæður og einkar smekklegur frá hendi forlags og prentsmiðju.

Eiginmaður minn,

Jón Jóhannesson,
prófessor,

lézt 4. þ. m. — Jarðarförin fer fram frá Dómkirkjunni föstudaginn 10. þ. m. kl. 2 e. h. Blóm og kransar afbeðið. Þeim sem vildu minnast hans, er vinsamlegast bent á minningarsjóð um hann við Háskóla Íslands.

Guðrún Helgadóttir